

Mánudaginn 19. janúar 1959.

Nr. 127/1958. **Ákærvaldið** (Jón Bjarnason hrl.)

gegn

Sverri Ósmann Sigurðssyni

(Gústaf Ólafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðalagabrot. Áfengislagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Theódór S. Georgsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir að dómur gekk í héraði, hafa þeir Ingólfur Guðjónsson, Lukku í Vestmannaeyjum, og Hjörtur Kristinn Hjartarson, bifreiðarstjóri í Vestmannaeyjum, svo og vitnin Már Guðmundsson og Sigurgeir Kristjánsson komið fyrir dóm út af grun um akstur ákærða með áhrifum áfengis 2. maí 1957, en eigi veitti vætti þeirra neina fræðslu um það atriði. Þá hafa vitnin Stefán Árnason, Páll Kristinn Pálsson og Ólafur Adolf Gränz staðfest vætti sitt með eiði. Um I.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdómara, að eigi sé nægjanlega sannað, að ákærði hafi að kvöldi 2. maí 1957 ekið óskrásettri bifreið sinni, sem áður hafði einkennisstafina A-898, þótt hann væri með áhrifum áfengis. Á hinn bóginn er nægjanlega leitt í ljós með vætti vitna þeirra, sem greind eru í héraðsdómi, að hafi hann ekki sjálfur ekið bifreið sinni óskrásettri frá heimili sínu, Háabæ í Vestmannaeyjum, út á Dalaveg, þá hafi hann látið vitnið Má Guðmundsson gera það. Er þetta brot á 14. gr. laga nr. 23/1941, sbr. nú 11. gr. laga nr. 26/1958, og varðar ákærða refsingu samkvæmt 38. gr. laga nr. 23/1941, sbr. nú 80. gr. laga nr. 26/1958.

Um II.

Með skírskotun til raka héraðsdóms má fallast á, að eigi

sé í ljós leitt, að ákærði hafi gert sér áfengissölu að atvinnu. En með sölu þeirri á áfengi, sem rakin er í þessum kafla héraðsdóms, hefur ákærði brotið gegn þeim ákvæðum áfengislaga, sem í héraðsdómi greinir.

Refsing ákærða samkvæmt 38. gr. laga nr. 23/1941, sbr. nú 80. gr. laga nr. 26/1958, og 39. gr. áfengislaga, nr. 58/1954, þykir hæfilega ákveðin kr. 5.000,00, og komi varðhald 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæði héraðsdóms um upptöku ólöglegs ágóða ber að staðfesta. Svo ber og samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941, sbr. nú 81. gr. laga nr. 26/1958, að svipta ákærða leyfi til að aka bifreið 2 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar ber að staðfesta. Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin laun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 3.000,00 til hvors.

Það athugast, að vætti vitnisins Más Guðmundssonar á dómþingi 18. marz 1958 var bæði ósennilegt og braut svo í bág við það, sem áður var fram komið í málinu, að rétt var að reyna til hins ýtrasta að grafast fyrir um sannleiksgildi þess og einangra bæði hann og ákærða, á meðan rannsókn gaf efni til.

Dómsorð:

Ákærði, Sverrir Ósmann Sigurðsson, greiði 5.000,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ólöglegur ágóði, kr. 2.000,00, skal upptækur til ríkissjóðs.

Ákærði skal sviptur rétti til að aka bifreið 2 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað í héraði staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns Bjarnasonar og Gústafs Ólafssonar, kr. 3.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 21. maí 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. marz sl., er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæruskjali, út gefnu 9. september 1957 af dómsmálaráðherra, gegn Sverri Ósmann Sigurðssyni bústjóra, Hábæ, Vestmannaeyjum, „fyrir að hafa um kl. 21.30 fimmtudagskvöldið 2. maí sl. ekið bifreið sinni, sem er óskrasett (af Buickgerð), frá Hábæ í Vestmannaeyjum og út í Hraun og síðan heim að Hábæ aftur, þrátt fyrir að hann væri undir áhrifum áfengis“, en brot þessi þykja varða við 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, nr. 58/1954, 14. gr., 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, og 2. mgr. 4. gr. umferðarlaga, nr. 24/1941.

Þá er málið og höfðað gegn ákærða með framhaldsákæruskjali, út gefnu af dómsmálaráðherra 13. nóv. 1957, „fyrir að hafa frá því á sl. vetri gert sér áfengissölu að atvinnu, en það telst varða við 18. gr., sbr. 2. mgr. 39. gr. áfengisl., nr. 58/1954. Til vara er málið höfðað gegn ákærða fyrir að hafa oft síðan á sl. vetri selt áfengi, m. a. Birni Elíassyni, tvívegis tvær flöskur, í síðara skiptið 14. apríl sl., á kr. 150.00 hvora flösku, en þetta telst varða við 18. gr., sbr. 39. gr. áfengislaga.

Ákærist því framangreindur Sverrir Ósmann Sigurðsson til að sæta refsingu skv. 39. gr. og 45. gr. áfengislaga, nr. 58/1954, 38. gr. 1. nr. 23/1941, sbr. 2. gr. 1. nr. 6/1951, og 14. gr. 1. nr. 24/1941, til sviptingar ökuleyfis skv. 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess og krafizt, að ólöglegur gróði hans af áfengissölu verði gerður upptækur til handa ríkissjóði skv. 3. tölul. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.“

Ákærði er fæddur 21. janúar 1928 að Uppsölum í Miðfirði og hefur sætt kærur og refsingum sem hér segir:

1955 12/10 Vestmannaeyjum. Dómur, 4.000 kr. sekt, 1.400 kr. skaðabætur, sviptur ökuleyfi í 6 mán. fyrir brot á áfengisl., bifreiðal. o. fl.

Málavextir eru þessir:

I.

Fimmtudaginn 2. maí 1957 kl. 21.30 hringdi stúlka, Sigríður Hallgrímsdóttir að nafni, til lögreglunnar og bað lögregluþjónana að bregða skjótt við og huga að ákærða, sem væri nýfarinn mikið drukinn á bifreið út í Hraun. Lögregluþjónarnir Sveinn Magnússon og Sigurgeir Kristjánsson fóru þegar að leita að ákærða úti í Hrauni. Nokkru síðar fréttu þeir, að ákærði væri kominn heim til sín. Lögregluþjónarnir héldu þá heim til ákærða að Hábæ. Þar var ákærði mikið drukinn, og handtóku lögregluþjónarnir hann. Á bak við hlöðuna hjá Hábæ var mannláus bifreið, sem sýnilega var nýbúið að aka.

Ákærði var yfirheyrður daginn eftir, og skýrði hann svo frá, að hann hefði byrjað að drekka áfengi eftir hádegi hinn 2. maí, en ákærði var þá staddur niðri í bæ, og hélt hann áfram að drekka fram eftir degi. Ákærði kom heim um kl. 20, og var hann þá orðinn svo drukinn, að hann kvaðst lítið muna eftir því, sem gerðist um kvöldið, eftir að hann kom heim. Ákærði kvaðst ekkert muna eftir því að hafa ekið bifreiðinni, eftir að hann kom heim, en vefengdi ekki, að svo hefði verið, eftir að honum höfðu verið kynntir málavextir. Við framhaldsrannsókn, sem fram fór, eftir að dómsmálaráðherra hafði gefið út ákæru-skjal á hendur ákærða, skýrði ákærði svo frá, að hann hefði komizt að því, nokkrum dögum eftir að hann var handtekinn sl. vor, að Már Guðmundsson iðnnemi, Lyngbergi, hefði ekið bifreiðinni umrætt sinn, en ekki ákærði. Greindi ákærði frá því, að Már hefði komið heim til hans skömmu eftir nefndan atburð, og skýrði Már ákærða frá því, að hann hefði ekið bifreiðinni, en ekki ákærði. Þegar ákærði var inntur eftir því, hvers vegna hann hefði ekki komið fyrr með þessar upplýsingar, kvaðst hann hafa beðið með það, unz hann yrði næst kallaður fyrir rétt.

Vitnið Már Guðmundsson iðnnemi skýrði svo frá við framhaldsrannsókn málsins, að vitnið hefði komið til ákærða dag einn sl. vor. Ákærði var þá úti í hlöðu og var mikið drukinn. Var ákærði að ryðja heyi ofan af bifreið, sem stóð inni í hlöðunni. Ákærði gerði sig líklegan til að aka bifreiðinni út úr hlöðunni, og kveðst vitnið, sem hefur bifreiðarstjóraréttindi, þá hafa boðið ákærða að aka bifreiðinni, og þáði ákærði það. Vitnið minnir, að það hafi sett bifreiðina í gang, en ekki ákærði. Ók vitnið síðan bifreiðinni út úr hlöðunni og austur fyrir húsið Lukku og út á Dalaveg. Þar sneri vitnið bifreiðinni við og ók sömu leið til baka og skildi bifreiðina eftir bak við hlöðuna í

Hábæ. Ákærði sat við hlið vitnisins í bifreiðinni. Vitnið kveðst síðan hafa farið heim. Tveimur eða þremur dögum síðar hitti vitnið ákærða og kveðst hafa sagt ákærða það, að vitnið hefði ekið bifreiðinni, en ekki ákærði. Segir vitnið, að ákærða hafi þá rámað í það, að vitnið muni hafa ekið bifreiðinni. Vitnið bjóst við því, að ákærði mundi strax skýra lögreglunni frá þessu. Vitnið hefur staðfest framburð sinn með eiði.

Vitnið Sigríður Hallgrímsdóttir, sem er mágkona ákærða, skýrði svo frá við frumrannsókn málsins, að það hefði verið statt inni í íbúðarhúsinu, þegar það heyrði bifreið fara í gang úti í hlöðu. Vitnið hljóp þá út og sá, að Erna, systir vitnisins, var að reyna að toga ákærða út úr bifreið, sem var inni í hlöðunni. Vitnið kveður ákærða ekki hafa farið út úr bifreiðinni, en ekið á hlöðudyrnar. Erna, kona ákærða, bað vitnið þá að fara og hringja til lögreglunnar, þar eð hún óttaðist, að ákærði færi sér að voða í bifreiðinni. Vitnið fór síðan í næsta hús og hringdi til lögreglunnar. Þegar vitnið kom til baka, kveður það bifreiðina hafa staðið bak við fjósið. Vitnið kveður systur sína hafa sagt sér, þegar vitnið kom aftur, að ákærði hefði ekið bifreiðinni austur á Dalaveg, en hins vegar kvaðst vitnið ekki hafa séð ákærða aka bifreiðinni út úr hlöðunni. Ákærði var mikið ölvaður að sögn vitnisins. Við framhaldsrannsókn kvaðst vitnið hafa séð ákærða setja bifreiðina í gang og reyna að aka henni út um hlöðudyrnar. Þá skýrði vitnið og frá því, að Már Guðmundsson hefði verið hjá ákærða úti í hlöðu, og hefði ákærði stöðvað bifreiðina, þegar Már og Erna, kona ákærða, báðu hann að aka ekki bifreiðinni. Vitnið kveður ákærða þá hafa beðið Má að aka. Vitnið skýrði enn fremur frá því við framhaldsrannsóknina, að Erna hefði skýrt sér frá því, er vitnið hafði hringt til lögreglunnar, að þeir ákærði og Már hefðu farið austur fyrir húsið Lukku á bifreiðinni, en vitnið tók fram, að Erna hefði ekki tekið fram sérstaklega, að ákærði hefði ekið bifreiðinni. En vitnið taldi víst, að svo hefði verið, þar sem vitnið vissi ekki, að Már hefði bifreiðarstjórapróf. Vitnið kveður ákærða ekki hafa ekið bifreiðinni lengd hennar, áður en hún rakst á hlöðudyrnar. Ýtarlega aðspurt kveðst vitnið ekki hafa séð bifreiðina aka á hlöðudyrnar, heldur taldi vitnið víst, að svo hefði verið, vegna þess að hlöðudyrnar hrukku harkalega upp. Annars virðist framburður þessa vitnis vera mjög á reiki og óákveðinn.

Vitnið Erna Hallgrímsdóttir, kona ákærða, hefur borið, að það hafi verið statt inni í húsinu, þegar það heyrði, að bifreiðin var

sett í gang úti í hlöðu. Vitnið sá út um gluggann, að bifreiðinni var ekið út úr hlöðunni og austur veginn fyrir ofan húsið. Vitnið neitar því, að það hafi farið út í hlöðu og reynt að toga ákærða út úr bílnum. Einnig neitar vitnið því, að ákærði hafi ekið á hlöðudyrnar. Vitnið kveðst hafa séð, að ákærði og Már Guðmundsson voru í bifreiðinni, þegar bifreiðin ók út úr hlöðunni, en vitnið sá ekki, hvor þeirra ók bifreiðinni, en hélt, að ákærði væri við stýrið, og þorði því ekki annað en biðja systur sína að hringja til lögreglunnar, þar sem ákærði var ölvæður. Kvöldið eftir skýrði svo Már Guðmundsson vitninu frá því, að hann hefði ekið bifreiðinni umrætt sinn, en ekki ákærði.

Í blóðsýnishorni úr ákærða fundust reducerandi efni, sem samsvara 1,31% af alkóhóli.

Rétturinn lítur svo á, að telja verði nægilega sannað með eðfestum framburði vitnisins Más Guðmundssonar, sem studdur er af framburði annarra vitna, að ákærði hafi ekki ekið nefndri bifreið umrætt sinn, heldur vitnið Már, og verði því að sýkna ákærða af ákæru fyrir brot á 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, nr. 58/1954, 14. gr., 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, og 2. mgr. 4. gr. umferðarlaga, nr. 24/1941.

II.

Fimmtudaginn 2. maí 1957 leitaði maður að nafni Sverrir Guðnason frá Brekkum, Hvolhreppi, til lögreglunnar í Vestmannaeyjum um aðstoð við innheimtu á 200,00 kr., sem hann taldi sig eiga hjá Birni Elíassyni frá Vopnafirði, en báðir þessir menn stunduðu vinnu í Vestmannaeyjum þennan vetur. Sverrir Guðnason kvaðst hafa hitt nefndan Björn á Hótel H.B. hinn 14. apríl, og bað Björn Sverri að lána sér peninga til áfengisкупа. Sverrir lét Björn fá 500,00 kr. og bað hann jafnframt að útvega sér eina flösku af áfengi, og lofaði Björn því. Fóru þeir síðan í bifreið Ólafs Gränz heim til ákærða að Háabæ og keyptu hjá honum tvær flöskur af brennivíni á 150,00 kr. hvora. Er lögreglunni höfðu borizt upplýsingar þessar, var ákærði þegar handtekinn, og viðurkenndi hann að hafa selt Birni vín umrætt sinn svo og að hafa selt fleiri mönnum áfengi.

Vitnið Sverrir Guðnason skýrir svo frá, að eftir að vitnið hitti Björn Elíasson á Hótel H.B., hafi Björn hringt á Ólaf Gränz bifreiðarstjóra, og ók Ólafur vitninu og Sverri heim til ákærða að Háabæ. Þegar þangað kom, fóru þeir Björn og Ólafur inn til ákærða. Skömmu síðar komu þeir aftur út í bifreiðina, og var ákærði í

fylgd með þeim. Björn skýrði vitninu frá því, að þeir ætluðu niður á afgreiðslu Flugfélags Íslands til þess að leysa þar út áfengi. Ók Ólafur þeim síðan niður að Samkomuhúsi, en þar báðu þeir Ólafur og ákærði vitnið og Björn að fara út úr bifreiðinni og biða þar, meðan þeir færu á afgreiðslu Flugfélags Íslands til þess að sækja þangað áfengið. Ákærði kom fljótlega til baka í bifreiðinni og hafði meðferðis kassa, sem vitnið sá, að var frá Áfengisverzlun ríkisins. Vitnið gizkaði á, að í kassanum væru 8 flöskur af áfengi. Vitnið og Björn fóru nú upp í bifreiðina, og var ekið aftur upp að Háabæ. Ákærði og Björn fóru inn í húsið, og tók ákærði kassann með sér. Að lítilli stundu liðinni kom Björn til baka með 2 flöskur af brennivíni, og fékk Björn vitninu aðra flöskuna. Björn kvaðst hafa greitt ákærða 150,00 kr. fyrir hvora flösku. Síðan ók Ólafur þeim aftur niður á Hótel H.B. Vitnið hefur staðfest þennan framburð sinn með eiði.

Vitnið Björn Elíasson verkamaður hefur borið, að það hafi hitt vitnið Sverri Guðnason á Hótel H.B. Kveður vitnið Sverri hafa áamálgað það við sig, hvort vitnið gæti ekki útvegað áfengi. Þar sem vitnið kvaðst enga peninga hafa, lét Sverrir vitnið fá 500,00 kr. til þess að kaupa áfengi fyrir. Vitnið náði síðan í Ólaf Gränz bifreiðarstjóra, og ók hann þeim upp að Háabæ til ákærða. Vitnið hitti ákærða og bað hann að selja sér vín, en ákærði kvaðst ekkert vín eiga heima, en sagðist eiga áfengiskröfu á pósthúsinu. Ákærði fór með þeim hinum niður í bæ í bifreiðinni. Hjá Samkomuhúsinu fóru vitnið og Sverrir Guðnason úr bifreiðinni, og biðu þeir þar, á meðan ákærði fór í bifreiðinni á afgreiðslu Flugfélags Íslands til þess að ná í vínið. Síðan óku þeir aftur heim til ákærða. Þegar þangað kom, fór ákærði með áfengiskassann inn í hlöðu, og fór vitnið með ákærða þangað inn, en Ólafur og Sverrir Guðnason biðu í bifreiðinni á meðan. Vitnið kveður ákærða hafa selt sér 2 flöskur af brennivíni á 150,00 kr. hvora flösku, og hélt vitnið síðan aftur niður í bæ í bifreiðinni.

Vitnið Ólafur Gränz kveðst ekki hafa orðið vitni að því, að ákærði seldi vín, þótt vitnið hafi hins vegar haft grun um það, að ákærði seldi áfengi. Vitnið kveðst hafa getið sér þess til, að menn, sem vitnið hefur ekið heim til ákærða, hafi farið þangað í leit að víni. Segist vitnið hafa heyrt farþega í bifreið þess tala um það, að þeir hafi keypt áfengi af ákærða. Vitnið kveðst ekki minnst þess að hafa ekið þeim Birni Elíassyni og Sverri Guðna-

syni heim til ákærða umrætt sinn, en segir, að það hafi vel getað átt sér stað, þótt vitnið muni ekki eftir því.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa byrjað að selja áfengi veturinn 1956 og kveðst hafa gert það öðru hverju síðan. Ákærði hefur neitað því að hafa selt áfengi stöðugt á þessu tímabili, heldur hafi stundum liðið langur tími svo, að ákærði átti ekkert vín. Ákærði kveður vín það, er hann seldi, eingöngu hafa verið brennivín, og seldi ákærði flöskuna ýmist á 150,00 eða 200,00 kr. Ákærði pantaði vínið frá Áfengisverzlun ríkisins, Reykjavík. Pantaði ákærði vínið að jafnaði á eigin nafni, en fyrir kom, að hann fékk að leysa út vín, sem aðrir áttu. Áfengið seldi ákærði heima hjá sér. Ákærði kveðst ekki vita, hve mikið áfengi hann hefur selt, og kveður sér vera ómögulegt að segja til um það, hve mikill hagnaður hans af áfengissölu hafi orðið. Ákærði hefur viðurkennt að hafa selt Birni Elíassyni 2 flöskur af brennivíni 14. apríl 1957 á 150,00 kr. hvora flösku.

Með eigin játningu ákærða og framburði vitna verður að telja nægilega sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um sölu áfengis annað veifið síðan veturinn 1956 og fram á vor 1957. Skv. lista, sem póstaðgreiðslan í Vestmannaeyjum hefur látið í té, hefur ákærði fengið sent áfengi frá Áfengisverzlun ríkisins fyrir kr. 3.694,00 á tímabilinu 6/2—10/12 1956 og fyrir kr. 1.596,75 á tímabilinu 19/1—6/4 1957. Séu lagðar til grundvallar þær upplýsingar ákærða, að hann hafi eingöngu pantað brennivín, gæti hér verið um að ræða 40 flöskur, sem ákærði hefur fengið sendar í eigin nafni. Hins vegar er það óupplýst, hve mikið áfengi ákærði hefur fengið í nafni annarra.

Skv. ákæruskjali er ákærði aðallega sóttur til saka fyrir brot á 18. gr., sbr. 2. mgr. 39. gr. áfengislaga, „fyrir að hafa gert sér áfengissölu að atvinnu“. Rétturinn telur, að við skýringu á hinum tilvitnuðu orðum verði að krefjast þess, að tekjur mannsins stafi að verulegu leyti af slíkri áfengissölu, til þess að hún teljist hafa verið gerð að atvinnu. Með því að óupplýst er, hve mikið áfengi ákærði hefur selt, og þar af leiðandi ekki hægt að segja til um, hve miklar tekjur ákærði kann að hafa haft af áfengissölu, svo og með tilliti til þess, að ákærði hefur alltaf verið í fastri vinnu á því tímabili, sem hér um ræðir, þykir viðurhlutamikið að telja, að ákærði hafi gert sér áfengissölu að atvinnu, og verður því að sýkna hann af broti á 18. gr., sbr. 2. mgr. 39. gr., áfengislaga að þessu leyti, en brot ákærða ber hins vegar að heimfæra undir 18. gr., sbr. 39. gr. áfengislaga.

III.

Refsing ákærða, Sverris Ósmanns Sigurðssonar, þykir skv. 39. gr. áfengislaga hæfilega ákveðin 3.000,00 kr. sekt til Menningar-sjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja í málinu, er ástæða til að ætla, að ólöglegur ágóði af áfengissölu ákærða sé ekki minni en 2.000,00 kr., og ber skv. 3. tölul. 1. mgr. 69. gr. alm. hegningarlaga að gera ágóðann upptækan til ríkissjóðs.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Dráttur sá, er orðið hefur á dómsuppsögn, stafar af miklu ann-ríki dómarans vegna afgreiðslu mála í sambandi við nýlokna vertíð.

Dómsorð:

Ákærði, Sverrir Ósmann Sigurðsson, greiði 3.000,00 kr. sekt til Menningarsjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birt-ingu dómsins.

Ólöglegur ágóði, kr. 2.000,00, skal gerður upptækur til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.
